

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 13. mars 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs) 35. mál.**

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Ákærendafélagi Íslands ofangreint frumvarp til umsagnar.

Ákærendafélag Íslands tekur undir það sem fram kemur í umsögn Héraðssaksóknara um frumvarpið, dags. 6. mars sl. og telur ekki ástæðu til að bæta nokkru þar við. Í umsögn Héraðssaksóknara er farið yfir efni frumvarpsins og bent þar sérstaklega á þrjú atriði sem varða brottfall ákvæða 200., 201. og 204. gr. laganna sem og álit Héraðssaksóknara á hækkun á kynferðislegum lágmarksaldri. Ákærendafélag Íslands er sammála öllu því sem fram kemur í umsögn Héraðssaksóknara og telur að ekki skuli ráðast í svo veigamiklar breytingar, sem hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs er, nema að vel ígrunduðu máli.

Með frumvarpinu eru lagðar til veigamiklar breytingar, sem fela ekki eingöngu í sér að hækka kynferðislegan lágmarksaldur, heldur er jafnframt lagt til að fella brott ákvæði 200., 201. og 204. gr. laganna. Þrátt fyrir að fallist yrði á að hækka kynferðislegan lágmarksaldur að þá er engu að síður mjög mikilvægt að halda inni fyrrgreindum greinum og vísast í því sambandi til fyrrnefndrar umsagnar Héraðssaksóknara.

F.h. Ákærendafélags Íslands



Dagmar Ösp Vésteinsdóttir, formaður



Alþingi, nefndasvið  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, fimmtudagur, 23. mars 2023  
Tilvísun: 2023010026/33

**Efni: Umsögn Barna- og fjölskyldustofu um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs).**

Barna- og fjölskyldustofa vísar til erindis frá nefndar- og greiningarsviði Alþingis, dags. 28. febrúar sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs), 35. mál. Þakkar Barna- og fjölskyldustofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið.

Stofan fagnar tillögu að hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs og tekur undir að mikilvægt sé að vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun. Stofan telur hins vegar að fara þurfi varlega í að hækka kynferðislegan lögaldur upp í 18 ár og veltir upp hvort frekar ætti að hækka hann upp í 16 ár. Á þeim aldri er viðurkennt að börn að fái aukið sjálfstæði og aukinn sjálfsákvörðunarrétt. Þá væri hækkun kynferðislegs lögaldurs upp í 16 ár í samræmi við kynferðislegan lögaldur á norðurlöndum.

Ef farið verður í að hækka kynferðislegan lögaldur upp í 18 ár er mikilvægt að sambönd sem eru á jafningjagrunni og með samþykki beggja aðila verði ekki gerð refsiverð. Ef farið verður í að hækka kynferðislegan lögaldur upp í 18 ár þá telur stofan að setja þyrfti varnagla sem myndi draga úr líkum á því að sambönd sem væru á jafningjagrunni og með vilja beggja aðila færu ekki fyrir dóm. Líkt og bent er á í frumvarpinu er heimild í 2. másl. 202. gr. almennra hegningarlaga til að lækka refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Það getur hins vegar verið gríðarlega þungt og erfitt fyrir unga einstaklinga að mál þeirra fari alla leið fyrir dóm þar sem refsing er síðan felld niður. En dæmi eru um slíkt. Því leggur stofan til að ef kynferðislegur lögaldur yrði hækkaður upp í 18 ár yrði sett ákvæði í lögum sem heimilaði saksóknara að fella mál niður áður en það færi í dómskerfið ef allar líkur væru á því að refsing yrði látin niður falla til að hlífa einstaklingunum fyrir því álagi sem því fylgir.

Barna- og fjölskyldustofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. Barna- og fjölskyldustofu

*Ásdís S. Ásgeirsdóttir*

Ásdís S. Ásgeirsdóttir

lögfræðingur



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 13. mars 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs). Þingskjal 35 – 35. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Berglind Sigmarsdóttir  
Framkvæmdastjóri

## Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs).

Barnaheill þakka fyrir boðið um að senda inn umsögn við ofangreint mál.

Samtökin styðja við megintilgang frumvarpsins, að auka réttarvernd barna gegn kynferðisofbeldi og telja afar mikilvægt að taka það fram.

Hins vegar vilja samtökin taka undir öll sjónarmið sem fram koma í umsögn Héraðssaksóknara. Sjá: [153-3991.pdf \(althingi.is\)](#).

### Hegningarlög vernda börn ekki nægjanlega

Það er að mati Barnaheilla afar mikilvægt að hegningarlög nái betur utan um brot sem framin eru gegn kynferðislegri friðhelgi barna. Rétt er að taka undir þau sjónarmið og áhyggjur sem fram koma í greinargerð með umræddu frumvarpi að það falla dómur þar sem sýknað er í málum er varða kynferðisofbeldi gegn börnum, vegna óskýrleika refsheimilda eða skilgreininga á hvað teljist brot og eigi að vera refsivert. Það er því þakkarvert að þingmenn opni á umræðuna um að lagfæra þurfi hegningarlög og tryggja betur að þau verndi börn gegn kynferðisofbeldi, þ.á m. gegn tælingu (e. grooming).

### Kynferðislegur lögaldur

Hins vegar er það umhugsunarefni, að mati Barnaheilla, að kynferðisleg friðhelgi barna, sé einungis neikvætt skilgreind í lögum og hvergi er skilgreint í lögum, (fyrir utan lögræðislög sem kveður á um að einstaklingur verði lögráða, og þar með sjálfráða um ákvarðanir um kynferðisleg samskipti, við 18 ára aldur), hvenær barn hefur val um að stunda kynferðisleg samskipti. Einungis er skilgreint í lögum hvenær það telst refsivert að eiga kynferðislegt samneyti við einstakling sem er barn að aldri og hvenær ekki.

Hins vegar er það almennt viðurkennt að börn kunni að hafa áhuga, vilja og þroska til að hefja kynferðisleg samskipti, við börn á sama eða mjög sambærilegum aldri og þroska, fyrir lögræðisaldur. Að mati Barnaheilla gæti verið tímabært að hefja umræðu um það hvort í lögræðislög eða barnalög mætti bæta við ákvæðum um að börn, hugsanlega 16 ára og eldri, hafi sjálfðæmi og ákvörðunarrétt um að eiga í kynferðislegu sambandi við barn á sama reki að því gefnu að samþykki beggja liggja fyrir.

Eru þessi sjónarmið að mati Barnaheilla, í fullu samræmi við viðmið Barnasáttmálans um að barn hafi aukið frelsi til ákvarðana eftir því sem þroski og aldur þess gefur tilefni til.

### Barnaheilla telja máli þarfnast frekari skoðunar

Eins og frumvarpið er fram sett, telja Barnaheill það ekki fullunnið og þurfi nánari skoðunar við, sem og undirbúning, m.a. með samráði við börn og ungmenni um hvernig eigi að orða annars vegar barnalög/lögræðislög um ákvörðun barna/unglinga um að hefja kynlíf eða kynferðisleg samskipti og hins vegar þarf að skoða betur hvernig best sé að skýra hegningarlög til að auka vernd barna gegn kynferðisofbeldi, sem sannarlega þarf að gera að mati Barnaheilla.

Barnaheill vinna að bættum réttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllum sínum störfum. Samtökin leggja ríka áherslu á vernd barna gegn kynferðisofbeldi.



Reykjavík, 14. mars 2023

**Efni:** Umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs) 35. mál.

Bjarkarhlíð vill leggja til að frumvarpið verði samþykkt. Í því felst aukin réttarvernd fyrir börn 15-17 sem verða fyrir kynferðisbrotum en eins og rakið er í greinargerð með frumvarpinu hafa brotþolar ekki notið réttlætis í réttarkerfinu vegna þess að kynferðislegur lágmarksaldur helst ekki í hendur við sjálfræðisaldur.

Sjálfræðisaldur er 18 ár og er það alþjóðlega viðurkennt að fólk yngra en 18 ára eru börn, samanber barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Það skýtur því skökku við að kynferðislegur lágmarksaldur sé 15 en ekki 18. Þessi staðreynd gerir það að verkum að valdamisræmi á milli eldri fullorðinnar manneskju og barns á aldrinum 15-17 ára er síður viðurkennt fyrir dómstólum. Ráðgjafar Bjarkarhlíðar hafa ítrekað fengið að heyra frásagnir þolenda sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi á unglingsárum af hendi geranda sem hafði yfirburði vegna aldurs og valdamisræmis.

- Virðingarfyllt,

fyrir hönd Bjarkarhlíðar

Jenný Kristín Valberg, teymisstjóri

Alþingi Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 14. mars 2023.

**Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1949 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs). 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 35 – 35. mál.**

Félagssráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1949 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs). Í greinargerð með frumvarpinu er vikið að því að #metoo-byltingar hafi skekið samfélagið á undanförunum árum og að siðferðisþröskuldur samfélagsins gagnvart kynferðislegum tilburðum gagnvart börnum sé að hækka. Vísað er í ákall um aukna réttarvernd barna gagnvart kynferðislegri misnotkun af hálfu fullorðinna einstaklinga og að núverandi réttarvernd nái ekki nógu vel til 15-17 ára barna. Einnig kemur fram að kynferðislegur lágmarksaldur hafi síðast verið hækkaður úr 14 árum í 15 ár með lögum nr. 61/2007 og að í greinargerð frumvarps til þeirra laga hafi verið talið varhugavert að hækka aldurinn enn frekar til að tryggja að einstaklingar sem eiga í kynferðislegu sambandi við einstaklinga á svipuðum aldri þyrftu ekki að sæta refsingu vegna þess. Þá er bent á varnagla í 2. másl. 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga sem sé sambærilegt ákvæðum sem erlendis hafi verið nefnd „Rómeó-og-Júliú“ ákvæði sem snúi að því að samræði milli einstaklinga undir 15 ára séu ekki refsiverð þegar *gerandi* og *þolandi* séu á svipuðum aldri. Það vekur athygli að hér er nefnt *gerandi* og *þolandi* þegar verið er að ræða samræði milli einstaklinga en ekki kynferðislegt ofbeldi. Það er erfitt að sjá hvernig fyrrnefndur málsliður í 202. gr. geti verið sá varnagla sem vikið er að í greinargerðinni.

Félagið getur tekið undir mikilvægi þess að tryggja réttarvernd barna gagnvart kynferðislegri misnotkun. Hér þarf þó einnig að hafa í huga sjálfsákvörðunarrétt barna 15 ára og eldri sem samkvæmt 13. gr. almennra hegningarlaga eru talin hafa nægan þroska til að svara til saka og hafa aðild að barnaverndarmáli sbr. 2. mgr. 23. gr., 3. mgr. 24. gr., 1. mgr. 25. gr. og 1. og 2 mgr. 27. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 svo dæmi séu tekin. Vanda þarf til undirbúnings lagabreytinga eins og þeirra sem lagðar eru til í frumvarpinu og fá fram sjónarmið barna í öllu ferlinu auk almennrar umræðu. Það er eitt að setja inn ákvæði til varnar því að fullorðnir einstaklingar misnoti yfirburðarstöðu til að eiga í kynferðislegu sambandi við börn 15 ára og eldri, annað er að gera samræði barna 15 ára og eldri við einstaklinga á svipuðum aldri ólöglegt. Það verður að gæta að því að persónuleg samskipti ungmenna verði ekki gerð refsiverð þegar ótvírætt samþykki liggur fyrir og báðir aðilar eru á svipuðum aldri og þroskastigi.

Félagssráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. Félagssráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður





## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 6. mars 2023

Tilvísun: 202303-0177

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent héraðssaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs), 35. mál.

Héraðssaksóknari vill benda á eftirtalin atriði í frumvarpinu:

1. Lagt er til að ákvæði 200. og 201. gr. almennra hegningarlaga verði felld brott. Rökin fyrir því eru þau að einnig sé lögð til sú breyting á 1. og 4. mgr. 202. gr. laganna að hækka kynferðislega lágmarksaldur í 18 ár og því sé ekki lengur þörf á ákvæðunum. Þarna er um ákveðin misskilning að ræða að því er varðar efni 200. gr. Bann við samræði, öðrum kynferðismökum eða kynferðislegri áreitni við barn eða annan niðja (sifjaspell) er alveg óháð aldri barnsins/niðjans. Er háttsemin því refsiverð þótt brotþolin sé eldri en 18 ára. Héraðssaksóknari getur því ekki tekið undir þessa breytingartillögu enda myndi hún rýra rétt brotþola sifjaspella.
2. Lagt er til að ákvæði 204. gr. laganna falli brott. Þau rök eru færð fyrir því að aðrar breytingar á lögnum feli í sér að ekki sé ástæða til að halda eftir ákvæði um gáleysi þar sem börn eigi ávallt að fá að njóta vafans. Þarna virðist vera um ákveðinn misskilning að ræða enda breytingin látin haldast í hendur við það að lagt sé til að 200. gr og 201. gr. falli niður. Ákvæði 204. gr. fjallar um þá stöðu þegar brot gegn 201. gr. eða 202. gr. er framið í gáleysi um aldur þess sem verður fyrir broti. Þetta ákvæði er mjög mikilvægt og nauðsynlegt enda er meginreglan sú að brot gegn almennum hegningarlögum eru eingöngu refsiverð séu þau framin af ásetningi, sbr. 18. gr. laganna. Fyrir gáleysisbrot er eingöngu hægt að refsa ef sérstök heimild er til þess í lögnum. Ákærvaldið ber sönnunarbyrðina þegar kemur að því að sanna að gerandi hafi haft ásetning til brots og þarf í málum sem varða brot gegn börnum að sanna að viðkomandi hafi vitað að brotþoli var undir aldri á verknaðarstundu. Sú sönnun er stundum torveld og þá er mjög mikilvægt að hafa gáleysisákvæði í lögnum að því er varðar aldurinn.
3. Að því er varðar meginefni frumvarpsins, þ.e. að hækka s.k. kynferðislegan lágmarksaldur úr 15 árum í 18 ár, setur embættið spurningarmerki þar við. Þetta aldursmark var síðast hækkað árið 2007 úr 14 árum í 15 og þá m.a. vísað til rannsókna sem lágu fyrir um viðhorf ungmenna sjálfra til þessa efnis. Í frumvarpinu nú er ekki vísað til neinna rannsókna hvað þetta varðar og svo stór breyting sem þessi þarf að eiga sér stað að undangenginni ítarlegri skoðun. Vissulega eru ungmenni börn í skilningi laga til 18 ára aldurs en ungmenni á aldrinum 15-17 ára hafa samt sem áður

sjálfsákvörðunarrétt um ýmislegt og því er það mat embættisins að ekki sé ráðlegt að gera svo stórar breytingar á aldursviðmiðinu á þessari stundu og án nánari skoðunar.



Embætti héraðssaksóknara

A handwritten signature in blue ink, reading "Kolbrún Benediktsdóttir".

Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. mars 2023.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs), þskj. 35, 35. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Í megindráttum styður skrifstofan frumvarpið og tekur undir það sem segir í greinargerð með frumvarpinu að þær glufur sem núgildandi löggjöf býður upp á fyrir gerendur hafa leitt til þess að börnum hefur ekki verið veitt viðhlítandi vörn gegn fullorðnum mönnum sem nota sér æsku þeirra, reynsluleysi, aðstöðu- og oft og tíðum þroskamun.

Í greinargerðinni er einnig réttilega bent á að samkvæmt í barnalögum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lögfestur hefur verið hér á landi, eru börn skilgreind sem einstaklingar undir 18 ára aldri og því skýtur skökku við að einstaklingum á aldrinum 15-17 ára er ekki veitt sú vernd sem löggjafanum ber að gera. Með núgildandi Rómeó og Júlíu ákvæði, sem ekki er lagt til að verði breytt, er svo tryggt að einstaklingar undir 18 ára aldri sem eiga í samþykktu kynferðissambandi á jafnræðisgrundvelli verði ekki sóttir til saka.

MRSÍ styður þó ekki að ákvæði 200. gr. hegningarlaga verði felld brott þar sem slík ráðstöfun myndi rýra rétt brotþola sífjaspella þar sem háttsemi sú sem ákvæðið tekur til, og gerir refsiverða, er óháð aldri brotþola og yrði frumvarpið að lögum óbreytt myndi háttsemin miðast við 18 ára aldur brotþola.

MRSÍ geldur enn fremur varhuga við að ákvæði 204. gr. laganna falli niður. Samkvæmt hegningarlögum er meginreglan sú að brot sé refsivert ef það er framið af ásetningi og því ekki hægt að refsa fyrir brot framin af gáleysi nema sérstök lagaheimild komi til.

Virðingarfyllt,  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir  
framkvæmdastjóri



Reykjavík, 23. mars 2023

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs). 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 35 – 35. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis þann 6. mars sl. sendi allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis undirritaðri til umsagnar ofangreint frumvarp. Hér á eftir fara athugasemdir við frumvarpið. Fyrst koma inngangsorð, síðan verða gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og loks dregnar saman niðurstöður.

#### I. Inngangsorð

Almenn hegningarlög nr. 19/1940 (hgl.) eru meginlagabálkurinn um afbrot og refsingar í íslenskum rétti. Þau skiptast í tvo meginþætti, almennan hluta, þ.e. kafla I.-IX. og sérstakan hluta, þ.e. kafla X.-XXVIII. Í almenna hlutanum eru ákvæði sem eiga við um öll brot, t.d. ákvæðin um saknæmi, þ.e. ásetning og gáleysi. Í sérstaka hlutanum eru ákvæði um einstakar brotategundir, t.d. XXII. kafli um kynferðisbrot. Þessi ákvæði mynda öll eina heild og það þarf að skýra þau hvert í tengslum við annað. Þannig þarf að skýra ákvæðin í sérstaka hlutanum með hliðsjón af ákvæðunum í almenna hlutanum, og ákvæði um einstakar brotategundir með hliðsjón af ákvæðum um aðrar og/eða skyldar brotategundir. Þetta nefnist samanburðarskýring og er hún mjög mikilvæg við skýringu refsilaga. Því er varhugavert að tína út tiltekin ákvæði og breyta þeim án þess að hafa heildarmyndina í huga og gæta þess vel hvaða áhrif breytingar kunni að hafa á önnur ákvæði, samspil ákvæðanna og þar með þá réttarvernd sem þau eiga að veita.

Ákvæðin í kynferðisbrotakaflanum hafa tvisvar sinnum sætt heildarendurskoðun, þ.e. með lögum nr. 40/1992 og lögum nr. 61/2007. Loks var ákvæðunum í 200. – 202. gr. um kynferðisbrot gegn börnum breytt með lögum nr. 37/2013. Síðastnefnda breytingin er að vísu ekki vel heppnuð, m.a. vegna þess að ofangreind heildarmynd var ekki höfð í huga, og varð til þess að draga úr réttarvernd barna og gera ákvæðin óskýrari.<sup>1</sup> Auk þessara breytinga hafa verið gerðar nokkrar afmarkaðri breytingar á einstökum ákvæðum kynferðisbrotakaflans. Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar, og er m.a. ætlað að bæta réttarvernd barna á aldrinum 15-17 ára, ber þess merki að nokkuð skortir á að tekið sé tillit til þess að ákvæðin sem því er ætlað að breyta eru hluti af heildarreglum sem eiga að veita börnum vernd gegn kynferðisbrotum. Verði það að lögum er hætt við að enn verði dregið úr þeirri vernd sem börnum er veitt, þótt markmið frumvarpsins sé þvert á móti að auka hana. Þá er einnig mikilvægt að breytingar á grundvallarlögum eins og hegningarlögunum fari fram að loknum ítarlegum lögfræðilegum rannsóknum á ákvæðunum og beitingu þeirra í réttarkerfinu, auk

<sup>1</sup> Sjá ítarlegan kafla um þessar lagabreytingar í bók minni: Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks (2018), bls. 422-434.

Þess sem byggt sé á upplýsingum og rannsóknum á þeim félagslega veruleika sem ákvæðin eiga að þjóna.

## II. Athugasemdir við einstakar greinar

1) Í 1. og 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fyrningarreglum sem varða kynferðisbrot gegn börnum. Þessar tillögur tengjast þeim breytingum sem lagðar eru til í 3. og 4. gr. frumvarpsins og verða ekki gerðar athugasemdir við þær hér að svo stöddu.

2) Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að 200. gr. hgl. um sífjaspell og 201. gr. hgl. um trúnaðarbrot gegn börnum verði felldar brott. Í greinargerð með 3. gr. frumvarpsins segir að „Með því að hækka kynferðislegan lágmarksaldur í 18 ár varðandi öll börn er ekki lengur þörf á sérstöku ákvæði varðandi sífjaspell eða önnur nán tengsl milli geranda og barns.“ Hér gætir misskilnings sem hefur verið lífseigur í umræðu um kynferðisbrot gegn börnum og kemur m.a. fram í lögum nr. 37/2013 um breytingu á ákvæðunum og greinargerð með þeim lögum. Í því sambandi verður að áréttu, að 202. gr. er almennt ákvæði um öll börn sem eru á þeim aldri sem ákvæðið tiltekur. Skiptir í því sambandi engu máli hvort barnið hefur tengsl við geranda eða ekki, og þá hver þau tengsl eru. Öll kynferðisleg samskipti (þ.e. samræði og önnur kynferðismök) við hvaða barn sem er, yngra en 15 ára, eru refsiverð, og ekki aðeins sem kynferðisbrot gegn barni skv. 1. mgr. 202. gr., heldur einnig sem nauðgun skv. 194. gr., enda getur barn yngra en 15 ára ekki veitt samþykki til kynmaka, þar sem slík samskipti við það eru bönnuð. Þetta er brotasamsteypa þar sem tvö ákvæði eiga við um brotið. Séu þólandi brots og gerandi auk þess skyld í beinan legg, er brotið einnig sífjaspell skv. 200. gr. Refsivernd samkvæmt því ákvæði kemur til viðbótar við almennu verndina í 202. gr. sem öll börn njóta. Allt þar til lög nr. 37/2013 tóku gildi átti hið sama við um börn yngri en 18 ára sem tengd voru geranda á tiltekinn hátt, þ.e. voru kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða barn sem er tengt honum þannig fjölskylduböndum í beinan legg, eða barn sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis. Refsiábyrgð skv. 200. gr. og 201. gr. kom því til viðbótar þegar um fjölskyldu- eða önnur trúnaðartengsl var að ræða og refsingin var því þyngri en ella þar sem um var að ræða fleiri brot en eitt, þ.e. brotasamsteypu, sbr. 2. mgr. 77. gr. hgl.<sup>2</sup> Með lögum nr. 37/2013 var réttarvernd barna skv. 201. gr. skert, þar sem vernd ákvæðisins til handa börnum yngri en 15 ára var afnumin og ákvæðið eingöngu látið ná til barna á aldrinum 15, 16 og 17 ára. Með því að afnema 200. gr. og 201. gr., eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu sem hér er til umsagnar, er verið að svipta börn sem tengjast geranda, sérstakri refsivernd gagnvart brotum af hans hendi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi tengsl falli undir 3. mgr. 202. gr. sem refsipýngingarástæða. Slík regla var lögfest með lögunum frá 2013 til að vega upp á móti því að refsíákvæði um tengslin voru afnumin. Hér er vert að benda á að meiri vernd er fólgin í því að hafa refsíákvæði um tiltekið atriði, eins og verið hafði í áratugi fyrir lagabreytinguna 2013, fremur en að þessi tengsl verki aðeins til refsipýngingar þegar refsing er ákveðin fyrir brot.

Að því er varðar afnám 200. gr. hgl. um sífjaspell virðist hafa gleymst sú sérstaða sífjaspella meðal kynferðisbrota gegn börnum, að þólandur brotanna eru ekki eingöngu börn að aldri, heldur allir þeir einstaklingar sem eru skyldir hinum brotlega með þeim hætti sem lýst er í

<sup>2</sup> Ákvæði 2. mgr. 77. gr. hgl.: „Refsingu skal að jafnaði tiltaka innan takmarka þess hegningarákvæðis, sem við brotunum liggur, og eigi þau ekki öll undir sama hegningarákvæði, þá innan takmarka þess hegningarákvæðis, sem þyngsta hegningu setur. Þó má eftir málavöxtum þyngja refsingu svo, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.“

200. gr., jafnvel þó að þeir séu fullorðnir. Þetta endurspeglast m.a. í því að þegar hegningarlögin voru sett árið 1940 var ákvæðið um sifjaspell í XXI. kafla laganna sem nefnist sifskaparbrot, en við endurskoðunina 1992 þótti eðlilegt að færa ákvæðið í XXII. kafla um kynferðisbrot, enda tengjast sifjaspell oftast öðrum kynferðisbrotum. Þótt í þeim dómum þar sem reynt hefur á 200. gr. um sifjaspell hafi þolendurnir verið börn, breytir það því ekki að ákvæðið er viðtækara, þ.e. það tekur til samræðis og annarra kynferðismaka milli þeirra sem skyldir eru í beinan legg og milli systkina, sama á hvaða aldri þeir eru. Þetta eru sömu aðilar og ekki mega ganga saman í hjúskap. Sifjaspell eru refsiverð samkvæmt lögum nágrannaþjóða okkar, sjá t.d. danskan, norskan og sænskan rétt. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeirri réttarvernd sem þetta ákvæði veitir. Ekki er að sjá að ætlun flutningsmanna frumvarpsins hafi verið sú að afnema hana og virðist því um mistök að ræða.

3) Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að kynferðislegum lágmarksaldri verði breytt úr 15 árum í 18 ár. Það er álitamál við hvaða aldri eigi að miða algert bann við kynmökum. Í flestum nágrannalöndum okkar er aldurinn 14, 15 eða 16 ár. Bann við kynmökum við börn undir kynferðislegum lögaldri eru fortakslaust bönnuð. Þegar þessi aldursmörk voru hækkuð í íslenskum rétti úr 14 árum í 15 ár, með lögum nr. 61/2007, var byggt á rannsóknum um hvenær unglingar á Íslandi byrjuðu almennt að stunda kynlíf. Ekki er kunnugt um að sambærilegar rannsóknir liggi fyrir nú, a.m.k. er þeirra ekki getið í frumvarpinu. Hækkun aldursmarka úr 15 árum í 18 ár er mjög stórt skref. Í því sambandi má ekki gleyma, að unglingar verða sakhæfir 15 ára og væri lágmarksaldri breytt úr 15 árum í 18 ár væri unnt að ákæra 17 ára einstakling fyrir að hafa kynmök við jafnaldra sinn, eða þá jafnvel þau bæði fyrir að hafa kynmök saman. Ákvæðið í 2. mál. 1. mgr. 202. gr., um að lækka megi refsingu eða láta hana falla niður ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi, kemur hér ekki til bjargar, eins og höfundar frumvarpsins gera ráð fyrir. Það ákvæði er ekki heimild til refsileysis og heimilar ekki sýknu í tilfellum sem þessum. Ákvæðið felur í sér svonefnda frjálssa refsilækkunarheimild og refsibrottfallsheimild, sem kemur til álita að beita þegar ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot og refsing hans er ákveðin. Jafnvel þótt ákærða yrði ekki gerð refsing fyrir brotið sæti hann samt uppi með það að hafa verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot. Það er mjög óheppileg niðurstaða og ekki það sem höfundar frumvarpsins virðast hafa ætlað sér.

Þá verður að minna hér á, að þótt í ýmsum lögum sé miðað við að einstaklingar yngri en 18 ára séu börn, sjá t.d. 1. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992, sbr. lög nr. 19/2013, þá hafa börn og unglingar rétt á að hafa eitthvað um það að segja hvernig ýmsum persónulegum málum þeirra er háttað, sbr. m.a. ýmis ákvæði samningsins. Það væri því nokkuð harkalegt ef kynferðisleg samskipti allra barna/unglinga 17 ára og yngri væru refsiverð. Í rétti nágrannaríkja okkar er yfirleitt miðað við algert bann við kynmökum við ákveðinn aldri, t.d. 14, 15 eða 16 ára. Eftir það og að t.d. 18 ára aldri er bannið gegn kynmökum ekki jafn fortakslaust, einmitt til að gefa unglingum svigrúm til sjálfsákvörðunarréttar á þessu sviði. Hið sama gildir í íslenskum rétti, þar sem refsivert er að tæla börn á þessum aldri til kynmaka, sbr. 3. mgr. 202. gr. hgl. Það er alltaf hættu á að eldri einstaklingar misnoti unglinga, en til að draga úr þeirri hættu þarf að vera skýrt bann við slíkri misnotkun í lögum og dómstólar þurfa að beita slíku ákvæði. Þörf er rannsókna á því hvernig því hefur verið háttað í íslenskum rétti á síðastliðnum árum.

4) Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að 204. gr. hgl. falli brott. Þessi tillaga og skýringar í greinargerð með 5. gr. frumvarpsins byggja á þeim misskilningi að 204. gr. hgl. dragi úr

réttarvernd barna gegn kynferðisofbeldi. Það er alls ekki rétt heldur þvert á móti, því að í ákvæðinu felst aukin vernd fyrir þolendur. Í 204. gr. hgl. er mælt fyrir um refsíabyrgð ef framín eru kynferðisbrot gegn börnum sem varða við 201. og 202. gr. laganna og ekki er fyrir hendi ásetningur hjá geranda varðandi aldur barnanna, heldur sýnir hann af sér gáleysi hvað það varðar. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Hafi brot skv. 201. eða 202. gr. verið framið í gáleysi um aldur þess er fyrir broti varð skal beita vægari refsingu að tiltölu sem þó má ekki fara niður fyrir lágmark fangelsis.“

Hér er lýsing á refsiverðum verknaði, þ.e. broti gegn börnum framið af gáleysi um aldur þeirra. Meginreglan er sú, að ásetningur er saknæmisskilyrði varðandi kynferðisbrotin, sbr. 18. gr. hgl., en í 204. gr. er slakað á þeirri kröfu og í því felst sú undantekning að unnt er að refsa fyrir brot gegn 201. og 202. gr., þótt hinn brotlegi hafi ekki vitað um aldur barnsins eða talið víst hver hann var, en sýnt af sér gáleysi um aldur þess. Þetta ákvæði rýmkar því refsíabyrgðina, þar sem unnt er að refsa ákærða, þótt hann hafi ekki haft ásetning varðandi aldurinn. Væri ákvæðinu í 204. gr. ekki til að dreifa þyrfti að sýkna í tilvikum sem þessum.

Þegar öllum skilyrðum refsíabyrgðar er fullnægt og framinn hefur verið refsiverður verknaður, kemur að því að ákveða refsingu innan refsimarka ákvæðisins. Refsing fyrir gáleysisbrot í íslenskum rétti er alltaf mun vægari en fyrir ásetningsbrot, bæði refsimörk lagaákvæða og refsíákvörðun dómstóla. Því segir í ákvæðinu að refsingin eigi að vera vægari en fyrir ásetningsbrot, en má þó ekki fara niður fyrir lágmark fangelsis, sem er 30 dagar. Þessu ákvæði hefur afar sjaldan verið beitt í framkvæmd. Það breytir því þó ekki að unnt er að beita því ef ekki tekst að sanna ásetning ákærða til brotsins. Ákvæðið í 204. gr. er því ákvæði um refsíabyrgð vegna gáleysisbrots, sem varðar vægari refsingu en ásetningsbrot. Væri ákvæðið ekki til staðar gætu menn sloppið við refsíabyrgð ef ekki tækist að sanna ásetning þeirra varðandi aldurinn, og á það einnig við þótt kynferðislegur lágmarksaldur væri 18 ár. Ákvæðið veitir því börnum aukna réttarvernd en skerðir hana ekki, eins og ráða má af umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu.

### III. Niðurstaða

Ekki er unnt að mæla með því að frumvarpið verði samþykkt, þar sem á því eru annmarkar sem draga úr réttarvernd barna gegn kynferðisbrotum, sbr. tillögur um afnám 200., 201. og 204. gr. hgl. Hins vegar er ég sammála því sjónarmiði, sem fram kemur í greinargerðinni, að auka þurfi vernd barna á aldrinum 15-17 ára gegn kynferðisbrotum. Hugsanlega væri einn liður í þeim endurbótum að hækka kynferðislegan lágmarksaldur úr 15 árum í 16 ár, en þá þyrftu að liggja fyrir rannsóknir á kynferðislegri hegðun unglunga og sjónarmiðum þeirra. Einnig mætti endurskoða ákvæðið í 3. mgr. 202. gr. um tælingu barna yngri en 18 ára, og reyndar helst ákvæði 200.-202. gr. í heild, eftir þá löskun sem þau ákvæði urðu fyrir með lögum nr. 37/2013. En allar breytingar verða að byggja á ítarlegum rannsóknum á þeim félagslega raunveruleika sem ákvæðin eiga að þjóna, sem og á ákvæðunum sjálfum og hvernig þeim er beitt af dómstólum.

*Ragnheiður Bragadóttir*

Ragnheiður Bragadóttir, prófessor  
Lagadeild Háskóla Íslands.



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 20. mars 2023  
Tilvísun: 2023030002

Alþingi  
Nefndasvið  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

### **Efni: Umsögn ríkislögreglustjóra um frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, 35. mál.**

Ríkislögreglustjóra hefur borist erindi frá allsherjar- og menntamálanefnd um umsögn vegna frumvarps til laga um almenn hegningarlög (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs), 35. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði 200., 201. og 204. gr. laganna falli niður. Héraðssaksóknari hefur bent á að niðurfelling ákvæða 200. og 201. gr. almennra hegningarlaga myndi rýra rétt brotþola sífjaspella og niðurfelling ákvæðis 204. gr. myndi leiða til þess að erfiðara yrði að sanna brot gegn börnum ef ekki yrði lengur hægt að vísa til gáleysis er varðar aldurinn. Embætti ríkislögreglustjóra tekur undir það sem kemur fram í umsögn héraðssaksóknara.

Í þeim málum sem tilkynnt voru til lögreglu árið 2021 vegna kynferðisbrota voru 61% brotþola undir 18 ára. Meðalaldur karlkyns brotþola var 20 ár og kvenkyns brotþola 23 ár og voru konur 85% brotþola. Meðalaldur grunaðra var töluvert hærri, eða 35 ár í tilviki karla og 30 ár í tilviki kvenna. Karlar voru 94% grunaðra. Þannig var að jafnaði 10-12 ára aldursmunur á brotþolum og grunuðum.

Meginefni frumvarpsins er að hækka kynferðislegan lágmarksaldur úr 15 árum í 18 ár með hagsmuni og vernd bana að leiðarljósi. Ríkislögreglustjóri tekur undir nauðsyn þess að vernda börn fyrir kynferðisofbeldi og misnotkun af hvaða tagi sem hún nefnist.

Út frá tölfræði lögreglunnar um tilkynnt kynferðisbrot er erfitt að fullyrða hver áhrifin yrðu af breytingunni. Sama gildir um þolendakönnun lögreglunnar, þar sem hún nær ekki til barna. Því er mikilvægt að samhliða því sem horft er til 34. gr. Barnasáttmálans um mikilvægi þess að vernda börn gegn kynferðisofbeldi, að horfa einnig til 12. gr. Barnasáttmálans þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að börn eigi rétt á að tjá sig frjállega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra og að fullorðnir eigi að taka réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Undirbyggja þarf lagabreytingu sem þessa með rannsókn og tryggja það að sjónarmið barna fái hljómgrunn með verndun þeirra að leiðarljósi.

Fyrir hönd embættis ríkislögreglustjóra

Eygló Harðardóttir

María Rún Bjarnadóttir



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI



Reykjavík, 13. mars 2023

**Efni:** Umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs) 35. mál.

Stígamót leggja til að frumvarpið verði samþykkt. Í því felst aukin réttarvernd fyrir börn 15-17 sem verða fyrir kynferðisbrotum en eins og rakið er í greinargerð með frumvarpinu hafa brotaþolar ekki notið réttlætis í réttarkerfinu vegna þess að kynferðislegur lágmarksaldur helst ekki í hendur við sjálfræðisaldur.

Sjálfræðisaldur er 18 ár og er það alþjóðlega viðurkennt að fólk yngra en 18 ára eru börn, samanber barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Það skýtur því skökku við að kynferðislegur lágmarksaldur sé 15 en ekki 18. Þessi staðreynd gerir það að verkum að valdamisræmi á milli eldri fullorðinnar manneskju og barns á aldrinum 15-17 ára er síður viðurkennt fyrir dómstólum. Starfsfólk Stígamóta geta hins vegar staðfest að ofbeldi í skjóli þessa valdamisræmis er staðreynd gagnvart þessum hópi. Svokallað grooming á sér stað þar sem beinlínis er spilað á þetta valdamisræmi sökum aldurs þar sem börn eru véluð inn í ofbeldi.

Stígamót hafa starfrækt spjallrás þar sem ungt fólk getur spjalla um samþykki, mörk, samskipti og hvaðeina nafnlaust við ráðgjafa. Spjallið hefur sýnt fram á knýjandi þörf til að vernda þennan hóp fyrir kynferðislegu ofbeldi, þar með töldu stafrænu ofbeldi. Það er ágætis byrjun að hækka kynferðislegan lágmarksaldur.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd Stígamóta

Drífa Snædal, talskona



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 15. mars 2023

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs, 35. mál.)**

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 28. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna vegna frumvarps um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs).

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkuð umfangsmiklar breytingar á kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Lagt er til að kynferðislegur lágmarksaldur verði hækkaður úr 15 árum í 18 ár og að ákvæði 200. gr. og 201. gr. varðandi tengsl geranda og þolanda, sem og gáleysisákvæði 204. gr. alm. hgl. falli brott. Með breytingunni yrðu því kynferðismök við öll börn yngri en 18 ára gerð refsiverð og það virt til refsipýngingar ef um er að ræða þau atvik sem fjallað er um í nágildandi 200. og 201. gr. Jafnframt er lagt til að ekki sé þörf á sérstöku ákvæði 3. mgr. 202. gr. um tælingu, heldur verði sú verknaðaraðferð sem þar er lýst einnig virt til refsipýngingar.

Í nágildandi ákvæði 3. mgr. 202. gr. alm. hgl. kemur fram að hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skuli sæta fangelsi allt að 4 árum. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að svokallað „Rómeó- og Júlíu“ ákvæði í 2. málsl. 1. mgr. 202 haldi gildi sínu en þar segir að lækka megi refsingu eða láta hana niður falla, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi.

Kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga var tekinn til endurskoðunar árið 2007 þar sem meðal annars var sérstaklega stefnt að því að auka réttarvernd barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Við það tilefni var kynferðislegur lágmarksaldur hækkaður úr 14 árum í 15 ár, þó tekið væri fram að annar staðar á Norðurlöndunum væri þessi aldur hærri. Við breytinguna var vísað til rannsókna og viðhorfs barna og ungmenna sjálfra og þóttu þær rannsóknir leiða í ljós að íslensk börn byrji að jafnaði að stunda kynlíf um 15 ára aldur. Því væri rétt að kynferðislegur lágmarksaldur tæki mið af því, út frá sjónarmiðum um sjálfsákvörðunarrétt barna.

Í frumvarpinu er bent á að skilyrði hins svokallaða tælingarákvæðis í 3. mgr. 202. gr. hafi verið túlkuð mjög þröngt fyrir íslenskum dómstólum, sönnunarbyrgði í slíkum málum hafi reynst þung og að óljóst sé hvað falli undir trúnaðarsamand barns og fullorðins einstaklings.

Umboðsmaður barna tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu um að auka þurfi réttarvernd 15-17 ára barna gagnvart kynferðislegri misnotkun af hálfu

fullorðinna einstaklinga. Samkvæmt lögum nr. 19/2013, um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, er Ísland skuldbundið til þess að vernda börn gegn hvers kyns ofbeldi og kynferðislegri misnotkun og tryggja rétt barna til lífs og þroska sbr. 19., 34. og 6. gr. Barnasáttmálans.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur fagnað þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið hér á landi til að berjast gegn ofbeldi gagnvart börnum, t.a.m. með samþykkt landsbundinna aðgerðaráætlana gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og fullgildingu Lanzarote-samningsins og Ístanbúl-samningsins. Hins vegar lýsti nefndin yfir áhyggjum af skorti á tölfraðilegum upplýsingum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, kynferðislega misnotkun og ofbeldi á netinu og skorti á upplýsingum um rannsóknir og saksókn mála sem varða kynferðislega notkun barna og misnotkun í kynferðislegum tilgangi.<sup>1</sup>

Í ljósi þeirrar vitunarvakningar sem orðið hefur síðustu misseri um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi verður að telja ljóst að það markmið frumvarpsins, að auka réttarvernd 15-17 ára barna að þessu leyti, eigi rétt á sér, einkum í ljósi þeirra skyldna sem áður nefnd ákvæði Barnasáttmálans fjalla um, auk athugasemda barnaréttarnefndarinnar. Engu að síður telur umboðsmaður barna að sú leið sem lögð er til með frumvarpinu í því skyni að ná framangreindu markmiði, sé varhugaverð. Telur umboðsmaður að slík endurskoðun krefjist ítarlegri undirbúnings og að taka þurfi þá mið að gagnreyndri þekkingu, upplýsingum og rannsóknum sem varpað geti skýrara ljósi á málefnið, og verði þar að taka sérstaklega mið af afstöðu og viðhorfi barna og ungmenna sjálfra til slíkra lagabreytinga. Við gerð þessa frumvarps var ekki haft samráð við börn og er það miður í ljósi þess að viðfangsefni þess snertir málefni barna með beinum hætti. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans skulu aðildarríki tryggja börnum sem myndað geta eigin skoðanir rétt til að láta þær frjállega í ljós í öllum málum sem þau varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Mikilvægur þáttur í að innleiða Barnasáttmálann er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku sem varðar börn.

Einnig verður að hafa í huga að börn hafa sjálfsákvörðunarrétt um ýmis mál sem þau varða. Börn verða t.a.m. sjálfstæðir þjónustupegar innan heilbrigðiskerfisins við 16 ára aldur en er þeim einnig í vissum tilfellum veitt sjálfsforræði umfram almenn réttindi barna í lögum. Þá er t.a.m. stúlkum sem eru ólögráða fyrir æsku sakir heimilt að óska eftir þungunarrofi án samþykkis foreldra eða forsjáraðila, sbr. 5. gr. laga um þungunarrof nr. 43/2019. Yrði endurskoðun á kynferðislegum lágmarksaldri því einnig að taka mið af þeim veruleika og öðrum réttindum barna til sjálfsákvörðunar sem birtast víða í íslenskri löggjöf.

Þá telur umboðsmaður einnig að taka þurfi sérstaklega til skoðunar hvaða áhrif slíkar lagabreytingar gætu haft á réttarvitund barna, sem og möguleg áhrif á viðhorf þeirra til eigin kynfrelsis. Ljóst er að aldursbilið 15-18 ára eru mikil mótunarár í lífi unglinga og að talsverður þroskamunur getur verið á börnum á því aldurskeiði. Í því sambandi væri mikilvægt að

---

<sup>1</sup> Lokaathugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um sameinaðar 5. og 6. reglubundnu skýrslur Íslands. Júní 2022.

skilgreina nánar gildissvið hins svokallaða „Rómeó-og Júlíu“ ákvæðis í ljósi þess að svo umfangsmiklar breytingar gætu haft í för með sér réttaróvissu á því sviði.

Með vísan til framangreinds er það mat umboðsmanns barna að ekki sé ráðlegt að hækka kynferðislegan lágmarksaldur líkt og hann er skilgreindur nú í almennum hegningarlögum, án undangenginni nánari skoðun þar sem samráð yrði haft við börn og heildstætt mat lagt á áhrif breytinganna út frá réttindum barna og unglunga.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna

um frumvarp um almenn hegningarlög (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs).

153. Löggjafarþing 2022-2023

Þingskjal 35 — 35. mál.

## Umsögn um þingskjal 35 - 35. mál.

### Um frumvarp um almenn hegningarlög (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs).

Félagasamtökin Öfgar fagna frumvarpi til laga um hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs. Teljum við þetta framfaraskref til stuðnings þolendum kynferðisofbeldis og auka vernd barna. Þó viljum við ítreka að hér þarf að vanda vel til verka til að tryggja réttindi þolenda eins og unnt er. Eins og kemur fram í 1. gr Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er barn einstaklingur sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Við teljum lagafrumvarpið falla innan 3. gr Barnasáttmálans sem segir „Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafastofnanir gera ráðstafanir sem varða börn“.

34. gr sáttmálans segir skýrt að aðildaríki skuldbindi sig til að vernda börn fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi. Með að hækka kynferðislegan lágmarksaldur teljum við að þetta sé betur tryggt.

Við teljum að núgildandi lög um lágmarks kynferðislegan aldur stangist á við þau gildi sem samfélagið hefur barist fyrir síðustu ár. Nú þegar má finna núgildandi lög sem greina skýrt að einstaklingur í kynferðislegum aðstæðum skilgreinist sem barn undir 18 ára aldri svo sem lög er varðar klámfengið myndefni og myndatöku. Skýtur það því skökku við að á Íslandi megi fullorðið fólk stunda samræði við 15 ára börn en barnið megi ekki skoða klámblað þar sem slíkt hefur neikvæð áhrif á þeirra velferð.

Íslenskt samfélag hampar sér fyrir að setja velferð barna í forgang og metur þátttöku þeirra innan samfélagsins eftir þroska og aldri. Þau eru ekki skattskyld fyrr en 16 ára og mega ekki taka bílpróf fyrr en 17 ára. Tóbak er bannað börnum undir 18 ára aldri eða þegar þú eru komin á sjálfræðisaldur og við gerum okkar besta að halda þeim frá áfengi með lögum um áfengisaldur (20 ára). Því er það einstaklega furðulegt að eftir allar þessar lagasetningar, alla þessa vernd sem sett er upp eftir þroska og aldri teljast 15 ára börn nógu þroskuð til að geta gefið upplýst samþykki að heilsu sinni, líkama og sál.

Lagafrumvarpið um hækkun kynferðislegs lögaldurs er mikilvæg í ljósi þess að meirihluti þolenda sem sækja sér aðstoð hjá Stígamótum voru undir 18 ára aldri þegar kynferðisbrot átti sér stað. Við búum við þann nýja raunveruleika að fullorðið fólk með annarlegar kenndir kemst auðveldlega í tæri við börn á samfélagsmiðlum. Hér þarf lagaákvæði til að grípa það sem á ensku er kallað „grooming“. Eftir margar vitundarvakningar samfélagsins treysta fleiri þolendur, sem urðu fyrir ofbeldi sem börn á netinu, sér til að kæra ofbeldið á

um frumvarp um almenn hegningarlög (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs).

153. Löggjafarþing 2022-2023

Þingskjal 35 — 35. mál.

fullorðinsárum. Börn hafa ekki alltaf orðaforðann yfir alvarleika málsins eða vita að á þeim hafi verið brotið fyrr en seinna og því þarf að tryggja að mál af þessu tagi fyrnist ekki.

Við vitum að hér á landi hefur fæðingartíðni verið há á meðal frumbyrja undir tvítugu samanborið við önnur nágrannalönd. Þó það hafi skánað til muna á síðustu árum teljum við mikilvægt að lagaramminn verndi unga leghafa á barneignaraldri. Verði leghafi ólétt undir 18 ára aldri verður lögheimilisforeldri lögráðamaður yfir því barni sem leghafi eignaðist. Teljum við að lagafrumvarpið komi betur í veg fyrir að fullorðnir einstaklingar barni einstaklinga undir 18 ára sem sjálf eru metin það óþroska að fá ekki lögráð yfir eigin afkvæmi.

Við værum til í frekari útlistun á hvernig þetta frumvarp geti girt fyrir þær glufur sem núgildandi löggjöf býður upp á fyrir gerendur. Við teljum mikilvægt að frumvarpið valdi því ekki að svigrúm þolenda sífjaspells á fullorðinsárum rýmki eða að með tillögu til að fella gáleysisákvæði muni það koma niður á þolendum ef ekki tekst að sanna ásetning geranda fyrir dómstólum. Við tökum það skýrt fram að börn eiga alltaf að njóta vafans og skiljum hvað lagafrumvarpið vill fá í gegn. Það er mikilvægt að hrófla ekki til hér án ríkrar ástæðu. Þess utan viljum við hvetja Alþingi til að taka mark á þessu frumvarpi og ítrekum mikilvægi þess að kynferðislegur lágmarksaldur sé hækkður úr 15 árum yfir í 18 ára.

Fyrir hönd Öfga,

Hulda Hrund Guðrúnar Sigmundsdóttir og Tanja Mjöll Ísfjörð Magnúsdóttir.